

Fundur í fagráði nautgriparæktar 31. maí 2019

Fundargerð

Fundurinn var haldinn 31. maí 2019 og var símafundur sem hófst kl. 10.00.

Mættir: Gunnar Kr. Eiríksson, Þórarinn Leifsson, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Andri Már Sigurðsson, Björn S. Gunnarsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Hafþór Finnbogason, Jóhanna María Sigmundsdóttir og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Nautakjötshópurinn
3. Þróunarsjóður nautgriparæktarinnar
4. Lokaskýrsla frá RML um kosti og galla samrekstrar í mjólkurframleiðslu
5. Umsóknir í þróunarsjóð
6. Önnur mál

1. Fundarsetning.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna til fundar. Fundargerð síðasta fundar samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Nautakjötshópurinn.

Formaður ræddi um nautakjötshópinn og að koma þyrfti á fundi hið allra fyrsta. Ákveðið að Jóhanna boði símafund hið allra fyrsta þar sem nautakjötshópurinn fundi ásamt fagráði. Kynna þarf sérstaklega fyrir hópnum í upphafi hvert er og verður hlutverk hans.

3. Þróunarsjóður nautgriparæktarinnar.

Farið yfir þá fjármuni sem eru til ráðstöfunar og þau verkefni sem enn er ólokið.

Formaður nefndi hvort hækka ætti framlög til BS-verkefna en þar hefur hámarksupphæð verið 250 þús. kr. á verkefni. Samþykkt að hækka þessa upphæð í 300 þús. kr.

Formaður fór yfir hvað þróunarsjóðurinn ætti að styrkja og hvað ekki. Hingað til hefði einkum verið horft nokkuð þröngt á kynbótastarfið og framleiðslu mjólkur og kjöts en kannski væri rétt að horfa einnig til jarðræktar, fóðuröflunar, umhverfismála og fleiri þátta. Fundarmenn sammála því. Ákveðið að Guðmundur taki saman áhersluatriði fagráðs til skoðunar og samþykktar. Áhersluatriðin verði síðan birt til viðmiðunar og hliðsjónar fyrir umsækjendur.

Fagráð leggur einnig mikla áherslu á að þróunarsjóður nautgriparæktarinnar verði stækkaður og eflur.

4. Lokaskýrsla frá RML um kosti og galla samrekstrar í mjólkurframleiðslu.

Farið yfir þriðju útgáfu lokaskýrslu frá RML um kosti og galla samrekstrar í mjólkurframleiðslu.

Fagráð taldi fyrri skýrslur ekki uppfylla markmiðslýsingar verkefnisins sem hefðu verið að meta kosti

og galla samrekstrar. Nú er hins vegar komin ný skýrsla þar sem markmið verkefnisins uppfyllt samkvæmt umsókn. Verkefninu telst því lokið á fullnægjandi hátt.

Ákveðið að vekja meiri athygli á lokaskýrslum verkefna sem þróunarsjóður hefur styrkt með því að útbúa síðu með vísunum á viðkomandi verkefni á heimasíðu RML undir fagraði.

5. Umsóknir í þróunarsjóð.

Þórarinn kynnti þær umsóknir sem borist hafa í þróunarsjóðinn og sagði fagraðsmenn þurfa að kynna sér en þær yrðu teknar fyrir á næsta fundi sem hann lagði til að hann miðvikudaginn í næstu viku.

a. Upptaka kálfa á mótefnum úr broddi

Umsókn frá Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum. Verkefnisstjóri er Charlotta Oddsdóttir. Markmið verkefnisins er að útbúa gæðaviðmið fyrir broddmjólk þannig að bændur geti gert mælingar heima á búunum og jafnvel komið á fót broddbanka til notkunar þegar nýbærur framleiða ekki nægilega góðan brodd fyrir sína kálfa.

Afgreiðsla: Fagrað telur verkefnið mikilvægt og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 600.000.

b. Áhrif umhverfis á útskilnað niturs í kúamjólk

Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnisstjórar eru Þóroddur Sveinsson og Jóhannes Sveinbjörnsson.

Verkefnið felst í rannsóknnum á úrefni í mjólk íslenskra kúa þannig að hægt verði að öðlast þekkingu á tengslum úrefnisstyrks við ýmsa umhverfisþætti hér á landi. Þá þekkingu er hægt að nýta til að bæta frjósemi, langlífi eða efnahlutföll í mjólk með stjórnun prótein- og orkugjafar kúa. Leitast verður við að svara því hver tengsl úrefnisstyrks eru við ýmsa umhverfisþætti og hve mikill eðlileslægur munur á milli kúa innan búa skýrir breytileika í úrefnisstyrk mjólkur. Þá verður lagt heildarmat á hagnýt gildi úrefnismælinga fyrir bændur.

Afgreiðsla: Fagrað telur verkefnið mjög áhugavert og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 826.000.

c. Sæðingar á holdakúm

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Sigtryggur Veigar Herbertsson.

Markmið verkefnisins er að skoða umhverfis- og atferlisþætti sem hafa áhrif á frjósemi holdakúa. Með tilkomu nýs erfðaefnis er mikilvægt að bændur nái að nýta sér það með sem skilvirkustum hætti en einfaldasta og ódýrasta leiðin til dreifingar þess er sæðingar holdakúa hjá kjötframleiðendum/holdabændum. Slakur árangur sæðinga hjá þeim hefur hins vegar dregið úr áhuga. Með verkefninu verður reynt að skoða þá þætti sem hafa áhrif á árangur sæðinga og útbúa grunnleiðbeiningar hvernig haga skuli framkvæmd þeirra svo árangur verði sem bestur. Verði notkun sæðinga á hluta hjarða holdakúa raunhæfur kostur fyrir bændur í hjarðeldi er mikið unnið.

Afgreiðsla: Fagrað telur verkefnið mikilvægt og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 2.390.000.

Gunnar Kr. Eiríksson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

d. Spildudagur

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Eiríkur Loftsson.

Markmið verkefnisins er að skoða möguleika á því að halda Spildudag RML sumarið 2020 og skapa þannig tækifæri fyrir bændur til að fræðast um ýmsa þætti tengda jarðrækt og tækjanotkun við raunaðstæður. Kostnaður við jarðvinnslu er umtalsverður og áburður einn stærsti kostnaðarliður í hefðbundnum búskap. Vönduð vinnubrögð eru einnig jákvæð gagnvart umhverfinu. Dæmi eru um ranga notkun tækja og að notkun þeirra skilar ekki tilætluðum árangri. Með viðburði sem þessum má skapa aðstæður þar sem kunnáttumenn fara yfir rétta notkun, hvernig þeim er ætlað að vinna, stillingar þeirra og rétta notkun við raunverulegar aðstæður.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 625.000.

Gunnar Kr. Eiríksson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál nema ákveðið að næsti fundur verði að lokinni keyrslu kynbótamats og þá verði farið yfir það ásamt lokaskýrslu vegna hagræns vægis eiginleika í nautgriparækt en sú skýrsla er væntanlega á næstu dögum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Gunnar Kr. Eiríksson
(sign.)

Herdís Magna Gunnarsdóttir
(sign.)

Andri Már Sigurðsson
(sign.)

Björn S. Gunnarsson
(sign.)

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
(sign.)

Hafþór Finnbogason
(sign.)

Jóhanna María Sigmundsdóttir
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 22. maí 2019
2. Lokaskýrsla frá RML um kosti og galla samrekstrar í mjólkurframleiðslu
3. Umsóknir í þróunarsjóð